

# SKATTAR

2018-2019

Upplýsingar um skattamál  
einstaklinga og rekstraraðila

Í skattabæklingnum koma fram almennar grunnupplýsingar og meginreglur í samræmi við lög og reglur í ársbyrjun 2019. Ekki er um að ræða tæmandi upplýsingagjöf. Ef upp kemur vafi um hvernig skuli nota upplýsingarnar hvetjum við þig til að leita faglegrar aðstoðar.

EY vísar til eins eða fleiri af aðildarfélögum Ernst & Young Global Limited (EYG), sem er breskt einkahlutafélag með takmarkaðri ábyrgð. EYG er meginstjórnareining hinnar alþjóðlegu EY heildar og veitir viðskiptavinum enga þjónustu. Það eru aðildarfélög EYG sem sjá um að veita viðskiptavinum þjónustu. Hvert og eitt aðildarfélag innan EYG er sjálfstæður lögaðili og ber enga sameiginlega ábyrgð hvorki á verknaði né vanrækslu hinna aðildarfélaganna.

## ► UM EY

EY er alþjóðleg samsteypa með starfsmenn í þjónustu sinni í 150 löndum. EY er eitt fjögurra stærstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar í heiminum. Aðild okkar að EY veitir okkur aðgang að nýjustu tækni, upplýsingum og verkferlum, og gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu hvort sem er á Íslandi eða erlendis. Jafnframt skapar samstarfið mikla möguleika fyrir símenntun starfsmanna og tryggir þeim aðgang að alþjóðlegum gagnagrunni sem nýtist við úrlausnir flókinna verkefna.

EY býður upp á framúrskarandi þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta, reikningshalds, viðskiptaráðgjafar og lögfræðilegrar ráðgjafar. Viðskiptavini EY er að finna í öllum greinum atvinnulífsins, en reynsla okkar og þekking á hinum ýmsu sviðum gerir mögulegt að mæta margbreytilegum þörfum viðskiptavina okkar.

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík  
Sími: 595-2500  
Fax: 595-2501  
Veffang: [www.ey.is](http://www.ey.is)  
Netfang: [ey@ey.is](mailto:ey@ey.is)

## ► EFNISYFIRLIT

► <b>ATVINNUREKSTUR</b> .....	4	► <b>EINSTAKLINGAR</b> .....	17
OPINBER GJÖLD ÁRSINS 2019 VEGNA REKSTRAR Á ÁRINU 2018 .....	4	TEKJUSKATTUR OG ÚTSVAR .....	17
SÖLUHAGNAÐUR .....	6	FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR .....	18
AFSKRIFTARHLUTFÖLL OG NIÐURFÆRSLA EIGNA .....	7	PERSÓNUAFSLÁTTUR .....	18
EFTIRSTÖÐVAR REKSTRARTAPS .....	8	FRAMLÖG Í LÍFEYRISSJÓÐ .....	18
ARÐUR .....	8	DAGPENINGAR .....	19
UPPGJÖR Í ERLENDRI MYNT .....	9	BIFREIÐAHLUNNINDI .....	20
SAMSKÖTTUN FÉLAGA .....	9	ÖKUTÆKJASTYRKUR .....	20
SKATTAFRÁDRÁTTUR NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA .....	9	VAXTABÆTUR .....	21
MILLIVERÐLAGNING .....	9	BARNABÆTUR .....	22
SKJÖLUNARSKYLDA .....	10	LÆKKUN TEKJUSKATTSSTOFNS (ÍVILNUN) .....	22
SÉRSTAKUR SKATTUR Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI .....	10	ERFÐAFJÁRSKATTUR OG DÁNARBÚ .....	23
FJÁRSÝSLUSKATTUR .....	10	GJALD Í FRAMKVÆMDASJÓÐ ALDRADRA .....	23
REIKNAD ENDURGJALD .....	10	ÚTVARPSGJALD .....	23
VIRÐISAUKASKATTUR .....	11	► <b>ÖNNUR ATRIÐI</b> .....	24
GISTINÁTTASKATTUR .....	13	KENNITÖLUR TIL GREININGAR Á ÁRSREIKNINGUM .....	24
► <b>ÝMSAR UPPLÝSINGAR VEGNA STAÐGREIÐSLU 2019</b> .....	14	VÍSITÖLUR .....	25
		GENGI GJALDMIÐLA .....	25
		► <b>HELSTU NÝMÆLI</b> .....	26

## ► ATVINNUREKSTUR

### OPINBER GJÖLD ÁRSINS 2019 VEGNA REKSTRAR Á ÁRINU 2018

TEKJUSKATTUR LÖGAÐILA	HLUTFALL	STOFN
Hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og samvinnufélög.	20%	Hreinar tekjur
Sameignar- og samlagsfélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar, dánarbú, þrotabú og aðrir ótaldir lögaðilar (nema af arði af hlutabréfum 22%)	37,6%	Hreinar tekjur
ÖNNUR GJÖLD		
Útvarpsgjald	17.500 kr.	
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0,376%	Heildarskuldir umfram 50 milljarða kr.
Fjársýsluskattur	5,5%	Laun og þóknanir
Sérstakur fjársýsluskattur	6%	Tekjuskattstofn umfram 1.000.000.000 kr.
Gistináttaskattur	300 kr.	Hver gistináttaeining
Lágmarksmótframlag í lífeyrissjóð	8%*	Greidd laun og endurgjald
Framlag í VIRK	0,10%	Greidd laun og endurgjald
Tryggingagjald (almennt)	6,85%	Sjá texta hér á eftir
Tryggingagjald sjómanna	7,50%	Sjá texta hér á eftir

\* Kjarasamningar kveða þó almennt á um 10% til 1. júlí 2018 en 11,5% eftir það.

Stofn til tryggingagjalds mynda laun, reiknað endurgjald og ýmsar starfstengdar greiðslur og hlunnindi.

Tryggingagjald er að jafnaði innheimt í staðgreiðslu.

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun til annarra ná ekki 504.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að greiða tryggingagjald með einni greiðslu í lok árs í stað mánaðarlegra greiðslna.

Tryggingagjaldsstofn einstaklings með sjálfstæða starfsemi skal aldrei vera lægri en 748.224 kr. miðað við heilt ár og fullt starf.

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með A-1 vottorð gilda sérstakar reglur. Tryggingagjald fyrir handhafa A-1 vottorðs er 0,425% á rekstrarárinu 2018.

## SÖLUHAGNAÐUR

### Söluhagnaður af hlutabréfum

Hagnaður af sölu hlutabréfa er skattskyldur á söluári. Ekki skiptir máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu hlutabréf.

KAUPÁR:	REGLA UM ÚTREIKNING SÖLUHAGNAÐAR:
2002 -	Söluverð að frádregnu kaupverði.
1997 - 2001	Söluverð að frádregnu kaupverði. Kaupverð í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001 enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstri.
1996 og fyrr	Söluverð að frádregnu kaupverði. Kaupverð í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstri.

Söluhagnaður vegna sölu einkahlutafélags, hlutafélags, samlags- hlutafélags sem er sjálfstæður skattaðili, gagnkvæmra váttryggingar- og ábyrgðarféлага, kaupféлага og annarra samvinnuféлага og samvinnufélagasambanda á hlutabréfum, er frádráttarbær frá atvinnurekstrartekjum. Heimildina hafa jafnframt félög í sambærilegum félagaförum sem heimilisföst eru í öðru aðildarríki EES, EFTA eða í Færeyjum.

Það er skilyrði fyrir frádráttarbærni söluhagnaðar vegna erlendra hlutabréfa að hagnaður hins erlenda félags sé skattlagður með sambærilegum hætti og hjá íslenskum félögum og í skatthlutfalli sem eigi sé lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD, EES, EFTA eða í Færeyjum.

### Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum

Á móti skattskyldum söluhagnaði vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er rekstraráðilum heimilt að fyrna aðrar eignir sínar, sem fyrnanlegar eru, um fjárhæð sem nemur söluhagnaðinum. Eigi skattaðili ekki slíkar eignir, getur hann frestað skattlagningu söluhagnaðarins um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem hann getur fyrnt innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur söluhagnaðinum. Sé það ekki gert, færist söluhagnaðurinn til tekna, að viðbættu 10% álagi. Áður en kemur að fyrningu eða frestun skv. framangreindu, verður yfirfærnanlegt rekstrartap að vera jafnað.

Hagnaður af sölu ófyrnanlegra eigna telst til skattskyldra tekna á söluári. Hagnaðurinn telst mismunur á:

- a. söluverði og stofnverði endurmetnu miðað við lok árs 2001, ef eignin var keypt fyrir þann tíma, eða
- b. söluverði og gildandi fasteignamati í árslok 1979 enda hafi eignin verið í eigu skattaðila í árslok 1978, framreiknað til ársins 2001. Sérstakar reglur gilda um söluhagnað af bújörðum.

## AFSKRIFTARHLUTFÖLL OG NIÐURFÆRSLA EIGNA

	ÁRÍÐ 2018
Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar	10 - 20%
Loffför og fylgihlutir	10 - 20%
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar, tæki	10 - 30%
Borpallar, leiðslukerfi og annar búnaður til notkunar sérstaklega við rannsóknir og vinnslu kolvetnis	10 - 30%
Skrifstofuáhöld og tæki	20 - 35%
Vélar, tæki og bifreiðar sem ekki falla undir flokkana hér á undan	20 - 35%
Íbúðarhúsnæði, skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1 - 3%
Verksmiðju- og verkstæðishúsnæði, vörugeymslur, gistihús o.fl.	3 - 6%
Gróðurhús, bryggjur og plön þeim tengd	6 - 8%
Borholur, raflínur og óvaranlegar vinnubúðir	7,5 - 10%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum	15 - 20%
Keypt viðskiptavild	10 - 20%

Lausafjármunir eru afskrifaðir samkvæmt stiglækkandi fyrningum. Það felur í sér að fyrningarstofn eignarinnar er bókfært verð hennar, þ.e. stofnverð að frádregnum áður fengnum fyrningum. Mannvirki, eyðanleg náttúruauðæfi, keypt viðskiptavild og keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum eru hinsvegar afskrifuð samkvæmt línulegri fyrningu. Þá er fyrningarstofn eignarinnar upphaflegt kaupverð hennar. Eignir má aldrei fyrna meira en svo að 10% af stofnverði standi eftir sem niðurlagsverð eignar.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Eftirtaldar eignir má færa niður að fullu á því ári sem þær myndast eða gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

- a. Stofnkostnað, svo sem vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfa.
- b. Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja.

Falli notkun einstakra eigna ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að 3/4 hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli.

Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar, þ.á.m. aflaheimilda og rétt til nýtingar á náttúruauðæfum, er ekki heimilt að fyrna.

## **EFTIRSTÖÐVAR REKSTRARTAPS**

Frá skattskyldum tekjum á rekstrarári 2018 (framtal 2019) er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartaps síðustu tíu ára. Skilyrði fyrir frádrætti er að ekki hafi veruleg breyting orðið á rekstri eða starfsemi skattaðila, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.

## **ARÐUR**

Hlutfafélögum, einkahlutfafélögum og samlagshlutfafélögum sem eru sjálfstæðir skattaðilar er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttækinn arð sem þau fá frá hlutfafélögum, einkahlutfafélögum og samlagshlutfafélögum. Sama gildir um móttækinn arð erlendis frá, hafi hagnaður hins erlenda félags verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall, sem lagt er á hagnað hins erlenda félags, sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD, EES, EFTA eða í Færeyjum.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum er ekki heimilt að draga frá móttækinn arð, en greiða á móti 22% skatt af arðstekjum.



## UPPGJÖR Í ERLENDRI MYNT

Félögum er heimilt, að vissum skilyrðum uppfylltum, að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Sækja verður um það til ársreikningaskrár tveimur mánuðum fyrir upphaf reikningsárs. Heimildin er bundin í 5 ár og hefur ársreikningaskrá eftirlit með því að félög, sem hljóta heimild, uppfylli áfram tilsett skilyrði.

## SAMSKÖTTUN FÉLAGA

Heimilt er að óska eftir samsköttun allra hlutafélagaforma ef móðurfélag á a.m.k. 90% í dótturfélagi eða móður- og dótturfélag eiga saman a.m.k. 90% í öðru dótturfélagi og félögin hafa sama reikningsár. Það gildir jafnframt um fastar starfsstöðvar hlutafélaga og einkahlutafélaga í aðildarríkjum EES, EFTA eða í Færeyjum frá og með 1. janúar 2019. Sama gildir þegar dótturfélag er í eigu samvinnufélags. Eignarhald verður að hafa varað allt reikningsárið nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttunin nær til tekjuskatts. Heimildin er veitt til fimm ára í senn. Sé samsköttun slitið er ekki fallist á samsköttun á ný fyrr en að fimm árum liðnum. Í samsköttun er hvert ár gert upp áður en tekið er tillit til taps fyrri ára. Tap félags í samsköttun er gert hlutfallslega upp á milli hagnaðar félaganna. Skatturinn er lagður á móðurfélagið en heimilt er að óska eftir því að lagður verði skattur á hvert og eitt félag. Öll félögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi. Tap í fastri starfsstöð erlends félags er aðeins frádráttarbært hjá íslensku félagi að ekki sé unnt að jafna tapið hjá erlendu félagi föstu starfsstöðvarinnar.

## SKATTAFRÁDRÁTTUR NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA

Nýsköpunarfyrirtæki á rétt á frádrætti frá tekjuskatti sem nemur 20% af útlögðum kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, sem hlotið hafa staðfestingu Rannís, enda sé kostnaðurinn frádráttarbær samkvæmt skattalögum.

Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti er 300.000.000 kr. en 450.000.000 kr. ef um aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu er að ræða við álagningu 2019 en 600.000.000 kr. eða 900.000.000 kr. við álagningu 2020. Helstu skilyrði frádráttar eru að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum og að gögn séu aðgengileg skattýfirvöldum þegar þau óska þess.

## MILLIVERÐLAGNING

Hér á landi gilda milliverðlagsreglur. Gerð er krafa um það að viðskipti tengdra lögaðila séu ákveðin í armslengd. Í því felst að verðákvörðun í viðskiptum slíkra aðila sé í samræmi við verð í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila.

Ef verðlagning eða skilmálar í viðskiptum tengdra aðila eru ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum ótengdra aðila hafa skattýfirvöld beina heimild til að meta og eftir atvikum leiðrétta skattstofn lögaðila með hliðsjón af leiðbeiningarreglum OECD.

## SKJÖLUNARSKYLDA

Hver og einn lögaðili er skyldur til að skrá upplýsingar um eðli og umfang viðskipta sinna við tengda lögaðila með heimilisfesti erlendis, ef rekstrartekjur á einu rekstrarári eða heildareignir í upphafi eða lok reikningsárs eru yfir 1 milljarði kr. Honum ber að varðveita gögn um viðskiptin sem kunna að hafa þýðingu við milliverðlagninguna. Varðveita ber sérstaklega gögn um skjölunarskyld viðskipti, s.s. upplýsingar um viðskiptaskilmála, veltu, eignir og annað sem þýðingu kann að hafa við milliverðlagninguna, í sjö ár frá lokum reikningsárs.

## SÉRSTAKUR SKATTUR Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Skattskyld eru fjármálafyrirtæki, sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki og aðrir aðilar með leyfi til að taka við innlánum og útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánum eða hafa sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki.

Skattstofninn er heildarskuldir skattaðilans í lok tekjuárs eins og þær eru tilgreindar á skattframtali umfram 50 milljarða. Skattprósentan er 0,376% við álagningu opinberra gjalda árið 2019.

## FJÁRSÝSLUSKATTUR

Skattskyldir aðilar eru váttryggingafélög og önnur félög í váttryggingastarfsemi og fjármálafyrirtæki. Skattskyldan hvílir einnig á útibúum, umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi samskonar starfsemi. Allar tegundir launa eða þóknana mynda stofn til fjársýsluskatts. Greiðslutímabil fjársýsluskatts er hver almanaksmánuður og er hann innheimtur í staðgreiðslu. Fjársýsluskattur er 5,5% af skattstofni.

### *Sérstakur fjársýsluskattur*

Fjársýsluskattskyldum aðilum ber að greiða til viðbótar 6% sérstakan fjársýsluskatt af þeim hluta tekjuskattsstofns sem er umfram 1.000.000.000 kr.

## REIKNAD ENDURGJALD

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða telst vera með ráðandi stöðu í atvinnurekstri vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skal reikna sér til tekna ekki lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns, barna hans, venslamanna og nákominna ættingja, sem innt er af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds á mánuði á árinu 2019 (lágmarksviðmiðanir):

MÁNAÐARLAUN		
Flokkur A.	Sérfræðiþjónusta	731.000 kr. - 2.924.000 kr.
Flokkur B.	Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta	446.000 kr. - 1.228.000 kr.
Flokkur C.	Fjölmiðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi o.fl.	465.000 kr. - 1.186.000 kr.
Flokkur D.	Iðnaðarmenn o.fl.	359.000 kr. - 591.000 kr.
Flokkur E.	Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda	288.000 kr. - 540.000 kr.
Flokkur F.	Sjómennska	495.000 kr. - 741.000 kr.
Flokkur G	Landbúnaður	161.000 kr. - 456.000 kr.
Flokkur H.	Makar og börn	149.000 kr. - 744.000 kr.

Í hverjum flokki eru undirflokkar. Það ræðst m.a. af eðli starfsins, stöðu manna í rekstrinum og fjölda starfsmanna (stöðugilda) á launaskrá hvar menn raðast innan hvers flokks.

Nemi reiknað endurgjald lægri fjárhæð en 450.000 kr. á árinu 2019 fellur það utan staðgreiðslu, en gera þarf grein fyrir því á skattframtali.

## VIRÐISAUKASKATTUR

Almennt virðisaukaskattshlutfall er 24%. Þó skal innheimta 11% virðisaukaskatt af eftirtalinni vöru og þjónustu:

- ▶ Fólksflutningar sem ekki teljast almenningssamgöngur. Hér undir falla afnot af búnaði sem skipuleggjandi ferðar leggur farþegum til vegna ferðarinnar.
- ▶ Útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gistipjónusta.
- ▶ Þjónusta ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og ferðafélaga við milligöngu um sölu eða afhendingu á þjónustu sem fellur í lægra þrep virðisaukaskatts eða er undanþegin.
- ▶ Áskriftagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva.

- ▶ Sala þ.m.t. áskrift, tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða á prentuðu og á rafrænu formi.
- ▶ Sala bóka, jafnt frumsaminnna sem þýddra, þ.m.t. nótnabóka með og án texta, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka. Sama gildir um sölu á geisladiskum og öðrum sambærilegum miðlum með bókartexta, sem og sölu á rafrænum útgáfum slíkra bóka.
- ▶ Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- ▶ Sala á matvörum og öðrum vörum til mannelis sem skilgreindar eru í viðauka við lög um virðisaukaskatt, þ.m.t. áfengi.
- ▶ Aðgangur að vegamannvirkjum.
- ▶ Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki mynd. Sama gildir um sölu á rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.
- ▶ Smokkar.
- ▶ Margnota bleiur og bleiufóður sem og barnableiur og laust bleiufóður.
- ▶ Aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum sem ekki eru sérstaklega undanskilin.
- ▶ Ferðaleiðsögn.

Undanþegin virðisaukaskatt er heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta, rekstur skóla og ýmis konar kennsla, ýmis konar menningarstarfsemi, íþróttastarfsemi, almenningsamgöngur, pósthjónusta, fasteignaleiga (þó ekki útleiga hótél- og gistiherbergja) og útleiga bifreiðastæða, váttryggingarstarfsemi, þjónusta lánastofnana og verðbréfamíðlun, happdrætti og getraunastarfsemi, ýmis konar liststarfsemi, útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Undanþegnir virðisaukaskattsskyldu eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst.

Almennt uppgjörstímabil virðisaukaskatts eru tveir mánuðir. Skráningarskyldir aðilar með umfangslíftinn rekstur sem eru með virðisaukaskattsskylda veltu undir 4.000.000 kr. gera upp virðisaukaskatt einu sinni á ári.

Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög eða einkahlutafélög verði samskráð á virðisaukaskattsskrá. Skilyrði samskráningarinnar eru að móðurfélag eigi a.m.k. 90% hlutafjár í dótturfélagi, að öll félögin hafi sama reikningsár og að samsköttunin standi að lágmarki í fimm ár. Umsókn um samskráningu skal berast til ríkisskattstjóra ekki síðar en 8 dögum fyrir upphaf fyrsta reikningsárs sem samskráningar er ætlað að taka til.

Óheimilt er að færa til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

- ▶ Kaffistofu- eða mótuneytiskostnað.
- ▶ Byggingu, endurbætur, viðgerðir eða viðhald á íbúðarhúsnæði eiganda eða starfsmanna.
- ▶ Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
- ▶ Byggingu og rekstur orlofshúsa, sumarhúsa og barnaheimila.
- ▶ Risnu og gjafir.

Skilyrði innskattsfrádráttar er að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað. Sérreglur gilda um innskattsfrádrátt er varðar bifreiðar.

### **Sérstök skráning**

Aðili, sem byggir fasteign á eigin lóð eða leigulóð og selur hana til aðila sem skráður er samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, getur sótt um sérstaka skráningu til ríkisskattstjóra. Sérstök skráning veitir aukinn innskattsrétt sem bundinn er skilyrðum. Virðisaukaskattsskyldur kaupandi getur yfirtekið leiðréttingarskyldu sem stofnast vegna skráningarinnar. Sérstök skráning getur tekið til hluta fasteignar. Aðeins er hægt að fá sérstaka skráningu vegna byggingar atvinnuhúsnæðis.

### **Frjáls skráning**

Sá sem í atvinnuskyni leigir fasteign eða hluta fasteignar getur sótt um frjálsa skráningu til ríkisskattstjóra. Leigusali sem fengið hefur heimild til frjálsrar skráningar skal innheimta útskatt af leigugjaldinu. Frjáls skráning getur aldrei tekið til húsnæðis sem notað er að öllu leyti eða að hluta sem íbúðarhúsnæði.

### **Einföld skráning**

Erlendu atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, getur valið á milli almennrar skráningar eða einfaldrar skráningar vegna skila á virðisaukaskatti hér á landi. Að sama skapi er erlendum atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands í áskrift blöð

og tímarit á pappírformi og erlendum ferðaþjónustuaðilum sem selja virðisaukaskattsskylda þjónustu hingað til lands heimilt að skrá sig með einfaldri skráningu ef salan á sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja. Einföld skráning skal fara fram í rafrænu skráningarkerfi á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Erlendu atvinnufyrirtæki sem skráir sig með einfaldri skráningu er ekki heimilt að færa virðisaukaskatt af aðföngum sínum til innskatts.

## **GISTINÁTTASKATTUR**

Skattstofn gistináttaskatts er *gistináttaeining*, en hver slík eining telst vera leiga á gistiáðstöðu í allt að einn sólarhring. Með gistiáðstöðu er átt við húsnæði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnaðstaða sé fyrir hendi eða hægt að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmi tíma en eins mánaðar, s.s. hús, íbúðir og herbergi sem og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi. Gistináttaskattur er 300 kr. fyrir hverja selda gistináttaeiningu.

Atvinnustarfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti er einnig undanþegin gistináttaskatti, svo og þeir aðilar sem selja virðisaukaskattsskylda vöru eða þjónustu fyrir 2.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili. Öllum þeim sem selja gistináttaeiningar ber skylda til að innheimta og standa skil á gistináttaskatti og skulu skattskyldir aðilar tilkynna ríkisskattstjóra um skattskylda starfsemi sína áður en hún hefst. Uppgjörstímabil gistináttaskatts eru þau sömu og tveggja mánaða skila í virðisaukaskatti.

## ► ÝMSAR UPPLÝSINGAR VEGNA STAÐGREIÐSLU 2019

### STAÐGREIÐSLA 2019

Staðgreiðsluhlutfall launa frá 0-927.087 kr. á mánuði	36,94%
Staðgreiðsluhlutfall launa yfir 927.087 kr. á mánuði	46,24%
Staðgreiðsluhlutfall launa barna fæddra 2004 og síðar umfram 180.000 kr.	6,00%
Tryggingagjald til staðgreiðslu	6,60%
Tryggingagjald sjómanna til staðgreiðslu	7,25%
Persónuafsláttur á mánuði	56.447 kr.

Lífeyrisiðgjald sem halda má utan staðgreiðslu er 4% af launum eða reiknuðu endurgjaldi. Heimilt er að auki að færa til frádráttar allt að 4% vegna iðgjalda samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

Fjármagnstekjuskattur einstaklinga utan rekstrar er 22% af móttæknum arði af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem og af greiddum vöxtum.

### BIFREIÐAHLUNNINDI 2019

Full bifreiðahlunnindi eru reiknuð á árinu 2019 sem hlutfall af verði nýrrar bifreiðar á eftirfarandi hátt:

Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2014 eða síðar	28%*
Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2013 eða fyrr	28%**

Heimilt er að færa verð bifreiðar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af kaupverði hennar. Ef launþegi greiðir rekstrarkostnað bifreiðar lækka hlutfallstölurnar um 6%.

\* Miðað við upphaflegt kaupverð bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá launagreiðandans eða þess sem innir hlunnindin af hendi.

\*\* Miðað við verð bifreiðarinnar eins og það er skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá, RSK 6.03, fyrir það ár sem bifreiðin var tekin í notkun.

**DAGPENINGAR 2019\* ▶ FRÁDRÁTTUR Á MÓTI DAGPENINGUM INNANLANDS 2019**

Gisting og fæði í einn sólarhring	35.900 kr.
Gisting í einn sólarhring	24.600 kr.
Fæði fyrir heilan dag, minnst 10 klst. ferðalag	11.300 kr.
Fæði í hálfan dag, minnst 6 klst. ferðalag	5.650 kr.

**DAGPENINGAR 2019\* ▶ FRÁDRÁTTUR Á MÓTI DAGPENINGUM ERLENDIS 2019 Í SDR**

		Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
		Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
Flokkur 1	SDR	208	125	333	133	80	213
Flokkur 2	SDR	177	106	283	113	67	180
Flokkur 3	SDR	156	94	250	100	60	160
Flokkur 4	SDR	139	83	222	89	54	143

Flokkur 1: Moskva, New York borg, Singapúr, Tókýó, Washington DC

Flokkur 2: Dublin, Ístanbúl, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl

Flokkur 3: Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín

Flokkur 4: Aðrir staðir

\*Fjárhæðir geta tekið breytingum á árinu 2019

## ÖKUTÆKJASTYRKUR 2019

AKSTUR Í ÞÁGU LAUNAGREIÐANDA	FRÁDRÁTTUR VEGNA ALMENNS AKSTURS Á HVERN EKINN KM*
0-1.000 km	110 kr.
1.001-2.000 km	108 kr.
2.001-3.000 km	106 kr.
3.001-4.000 km	93 kr.
4.001-5.000 km	91 kr.
5.001-6.000 km	89 kr.
6.001-7.000 km	87 kr.
7.001-8.000 km	86 kr.
8.001-9.000 km	84 kr.
9.001-10.000 km	82 kr.
10.001-11.000 km	78 kr.
11.001-12.000 km	76 kr.
12.001-13.000 km	74 kr.
13.001-14.000 km	72 kr.
14.001-15.000 km	70 kr.
15.001 og meira	65 kr.

\* Hafi skattaðili fengið greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum þar sem ekki er bundið slitlag eða torfærugjald vegna aksturs á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbílum er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 15% hærri í fyrrnefnda tilvikinu og 45% hærri í síðarnefnda tilvikinu vegna þess aksturs, þó aldrei hærri fjárhæð en greidd var fyrir hvern ekinn kílómetra.



## ► EINSTAKLINGAR

### TEKJUSKATTUR OG ÚTSVAR

STAÐGREIÐSLA 2019 AF TEKJUM:	STAÐGREIÐSLUHLUTFALL
Frá 0-927.087 kr. á mánuði	36.94%
Yfir 927.087 kr. á mánuði	46,24%
Barna fæddra 2004 og síðar umfram 180.000 kr.	6,00%

Útsvar í staðgreiðslu er meðalútsvar sveitarfélaganna, 14,44% tekjuárið 2019, en tekjuskattshlutfallið er 22,5% og 31,8% tekjuárið 2019.

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 11.125.045 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 22,5% tekjuskattshlutfalli, allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 11.125.045 kr. Þó reiknast 22,5% tekjuskattshlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 5.562.523 kr. við þessar aðstæður.

OPINBER GJÖLD 2019 AF TEKJUM 2018:	TEKJUSKATTUR	MEÐALÚTSVAR	ÁLAGNING
Tekjuskattsstofni að 10.724.553 kr.	22,5%	14,44%	36,94%
Af því sem er umfram 10.724.553 kr.	31,8%	14,44%	46,24%

Séu skattaðilar samskattaðir og tekjuskattsstofn annars aðilans er hærri en 10.724.553 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 22,5% tekjuskattshlutfalli allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 10.724.553 kr. Þó reiknast 22,5% tekjuskattshlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 5.362.277 kr. við þessar aðstæður.

SKATTLEYSISMÖRK EFTIR 4% LÍFEYRISSJÓÐSFRÁDRÁTT	Á MÁNUÐI	Á ÁRI
Tekjuárið 2018	145.898 kr.	1.750.785 kr.
Tekjuárið 2019	152.807 kr.	1.833.672 kr.

## FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR

Fjármagnstekjuskattur leggst á allar fjármagnstekjur manna utan atvinnurekstrar. Til fjármagnstekna teljast m.a. vextir, verðbætur, afföll, gengishagnaður, arður af hlutabréfum og stofnsjóðum, leigutekjur og skattskyldur hagnaður af sölu eigna. Skatturinn er lagður á heildarvaxtatekjur, án frádráttar vaxtagjalda. Vaxtatekjur að 150.000 kr. eru undanþegnar skatti á tekjuárinu 2019. Undanþegin fjármagnstekjuskatti eru einnig 50% af tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis.

Fjármagnstekjuskattur í álagningu 2019 vegna tekjuársins 2018	22%
Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts 2019	22%

Fjárvörsluaðilum ber að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila til ríkissjóðs. Félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila ber að draga staðgreiðslu af arði sem þau greiða eða úthluta félagsmönnum sínum og skila í ríkissjóð. Aðrar greiðslur sem mynda stofn til fjármagnstekna einstaklinga eru lagðar á við álagningu næsta ár á eftir tekjuári.

## PERSÓNUAFSLÁTTUR

Þeir sem hafa náð 16 ára aldri í upphafi tekjuársins og eru heimilisfastir hér á landi eiga rétt á persónuafslætti, sem nýttur er á staðgreiðsluári.

TEKJUÁR	PERSÓNUAFSLÁTTUR Á MÁNUÐI	PERSÓNUAFSLÁTTUR Á ÁRI
2018	53.895 kr.	646.739 kr.
2019	56.447 kr.	677.358 kr.

Óráðstafaður persónuafsláttur er yfirfæranlegur að fullu til maka sem hefur heimild til samsköttunar. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í 9 mánuði eftir andlát.

## FRAMLÖG Í LÍFEYRISSJÓÐ

Skylda til að greiða iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda hvílir á öllum launþegum og þeim sem stunda atvinnurekstur frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð skal vera 12% (4% launþegi og 8% atvinnurekandi) af iðgjaldsstofni sem er heildarfjárhæð greiddra launa. Til gjaldstofns teljast ekki hlunnindi sem greidd eru í fríðu. Iðgjaldshluti launþegans dregst frá skattskyldum tekjum hans.

Launþegar hafa heimild til að greiða og draga frá skattskyldum tekjum sínum 4% viðbótariðgjald.

## DAGPENINGAR

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts samningsbundins vinnustaðar. Þeim er ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðiskaupa og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst.

Launþega er heimill frádráttur á móti dagpeningum samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Heimilt er að halda dagpeningum utan staðgreiðslu, enda liggi fyrir nákvæm gögn um ferðina í bókhaldi launagreiðanda. Séu dagpeningar hærrí en leyfilegur frádráttur ber að skila staðgreiðslu af mismuninum.

DAGPENINGAR 2018	JAN-MAÍ	JÚN-DES
<b>► FRÁDRÁTTUR Á MÓTI DAGPENINGUM INNANLANDS 2018</b>		
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	26.200	35.900
Fyrir gistingu einn sólarhring	15.000	24.600
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	11.200	11.300
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.600	5.650

DAGPENINGAR 2018		► FRÁDRÁTTUR Á MÓTI DAGPENINGUM ERLENDIS 2018 Í SDR					
		Almennir dagpeningar			Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa		
		Gisting	Annað	Samtals	Gisting	Annað	Samtals
Flokkur 1	SDR	208	125	333	133	80	213
Flokkur 2	SDR	177	106	283	113	67	180
Flokkur 3	SDR	156	94	250	100	60	160
Flokkur 4	SDR	139	83	222	89	54	143

Flokkur 1: Moskva, New York borg, Singapur, Tókýó, Washington DC

Flokkur 2: Dublin, Ístanbul, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg, Seúl

Flokkur 3: Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Osló, París, Róm, Stokkhólmur, Vín

Flokkur 4: Aðrir staðir

## BIFREIÐAHLUNNINDI

Bifreiðahlunnindi í álagningu 2019 vegna tekjuársins 2018 reiknast af verðmæti nýrrar bifreiðar á eftirfarandi hátt:

### FULL BIFREIÐAHLUNNINDI ERU REIKNUÐ Á ÁRINU 2018 SEM HLUTFALL AF VERÐI NÝRRAR BIFREIÐAR Á EFTIRFARANDI HÁTT:

Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2014-2018	28%*
---	------

Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2013 eða fyrr	28%**
---	-------

\* Miðað við upphaflegt kaupverð bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá launagreiðandans eða þess sem innir hlunnindin af hendi.

\*\* Miðað við verð bifreiðarinnar eins og það er skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá, RSK 6.03, fyrir það ár sem bifreiðin var tekin í notkun.

Heimilt er að færa verð bifreiðar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af kaupverði hennar. Ef launþegi greiðir rekstrarkostnað bifreiðar lækka hlutfallstöðurnar um 6%.

Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári.

## ÖKUTÆKJASTYRKUR\*

Ökutækjastyrkur er greiðsla launagreiðanda til launþega vegna afnota á eigin bifreið launþega í þágu rekstrar launagreiðanda. Hér getur bæði verið um að ræða að greidd sé föst mánaðarleg eða árleg fjárhæð eða að greitt sé samkvæmt kílómetragjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursdagbók eða akstursskýrslu.

Til frádráttar á móti ökutækjastyrk við álagningu 2019 heimilast fjárhæð sem svarar til heildaraksturs í þágu launagreiðanda upp að

tilteknu hámarki á hvern ekinn kílómetra. Aldrei leyfist hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Skilyrði fyrir frádrætti er að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla, grein sé gerð fyrir heildarnotkun bifreiðar og að fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er lýst.

*\*Sjá fjárhæðir í töflu á bls. 16*

## VAXTABÆTUR

Þeir sem greiða vaxtagjöld vegna lána til öflunar eða verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði geta átt rétt á vaxtabótum. Ef sá réttur er til staðar, stofnast hann á því ári þegar íbúð er keypt, bygging er hafin eða við kaup á búseturétti. Vaxtabætur eru einungis reiknaðar af greiddum vaxtagjöldum.

Fjárhæð vaxtagjalda ársins 2018 til útreiknings vaxtabóta á árinu 2019 takmarkast við 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota í árslok 2018. Vaxtabætur eru vaxtagjöld að frádregnum 8,5% af samanlögðum tekjuskattsstofni og fjármagnstekjum. Bæturnar skerðast síðan hlutfallslega fari eignir að frádregnum skuldum fram úr:

Einstaklingar/einstæðir foreldrar	5.000.000 kr.
Hjón/sambúðarfólk	8.000.000 kr.

Réttur til vaxtabóta fellur niður um leið og nettóeign verður:

Einstaklingar/einstæðir foreldrar	8.000.000 kr.
Hjón/sambúðarfólk	12.800.000 kr.

## Hámark vaxtagjalda og vaxtabóta

	VAXTAGJÖLD 2018	VAXTABÆTUR 2019
Einstaklingur	840.000 kr.	420.000 kr.
Einstætt foreldri	1.050.000 kr.	525.000 kr.
Hjón	1.260.000 kr.	630.000 kr.

Vaxtabætur skiptast jafnt á milli hjóna eða sambúðarfólks. Sé einungis annað hjóna skattskyldt hér á landi skal ákvarða því vaxtabætur eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja. Hægt er að sækja um til ríkisskattstjóra að fá áætlaðar vaxtabætur greiddar fyrirfram ársfjórðungslega. Vaxtabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann, falla niður.

## BARNABÆTUR

Greiða skal barnabætur með börnum undir 18 ára aldri á tekjuárinu. Til viðbótar skal greiða sérstakar barnabætur með börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu. Allar barnabætur eru tekjutengdar.

### Óskertar barnabætur 2019

	HJÓN / SAMBÚÐARFÓLK	EINSTÆÐIR FORELDRAR
Með fyrsta barni	234.500 kr.	390.700 kr.
Með hverju barni umfram eitt	279.200 kr.	400.800 kr.
Hækkun vegna barna yngri en 7 ára	140.000 kr.	140.000 kr.

Við ákvörðun barnabóta á árinu 2019 vegna tekna á árinu 2018 eru skerðingarmörk sameiginlegs tekjuskattstofns 7.200.000 kr. hjá hjónum/sambúðarfólki og 3.600.000 kr. hjá einstæðu foreldri.

### Skerðing barnabóta\*

Með barni undir 7 ára	4%
Með einu barni	4%
Með tveimur börnum	6%
Með þremur börnum eða fleiri	8%

Fyrirframgreiðsla barnabóta nemur 50% af áætluðum barnabótum og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. maí.

*\*Af tekjuskattstofni umfram 11.000.000 kr. hjá hjónum og 5.500.000 kr. hjá einstæðu foreldri skal skerðingarhlutfallið vera 5,5% með einu barni, 7,5% með tveimur börnum og 9,5% með þremur börnum eða fleiri*

## LÆKKUN TEKJUSKATTSTOFNS (ÍVILNUN)

Hægt er að sækja um lækkun tekjuskattstofns til ríkisskattstjóra þegar:

- ▶ Ellihörleiki, veikindi, slyss eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
- ▶ Veikindi eða fötlun barns sem haldið er langvinnnum sjúkdómum veldur framfæranda verulegum útgjöldum.
- ▶ Maður hefur foreldra eða aðra vandamenn á framfæri sínu.
- ▶ Maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
- ▶ Maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
- ▶ Gjaldþol hefur skerast vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri.

## ERFÐAFJÁRSKATTUR OG DÁNARBÚ

Af öllum fjárverðmætum, er við skipti á dánarbúi manns ganga til erfingja hans skal greiða í ríkissjóð erfðafjárskatt. Það sama gildir um gjafaarf, dánargjöf, fyrirframgreiddan arf og skilyrtar gjafir. Skatthlutfallið er 10%, en fyrstu 1.500.000 kr. í skattstofni dánarbús eru þó skattfrjálsar. Síðastnefnda reglan gildir ekki um aðra arftöku.

Erfðafjárskattur	10%
------------------	-----

Við lok einkaskipta dánarbús ber að skila erfðafjárskýrslu. Erfðafjárskattur og skiptagjald er síðan greitt í ríkissjóð. Arfur er skattlagður sem almennar tekjur sé erfðafjárskattur ekki greiddur. Dánarbú eru skattlögð sem lögaðilar og er skatthlutfall þeirra 37,6% við álagningu 2019.

## GJALD Í FRAMKVÆMDASJÓÐ ALDRAÐRA

Gjaldið er lagt á einstaklinga sem fæddir eru 1949 og síðar og eru með tekjur yfir 1.750.782 kr.

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra í álagningu 2019	11.454 kr.
--	------------

## ÚTVARPSGJALD

Gjaldið er lagt á þá sem eru 16-70 ára í lok tekjuárs og eru með tekjur yfir 1.750.782 kr.

Útvarpsgjald í álagningu 2019	17.500 kr.
-------------------------------	------------

## ► ÖNNUR ATRIÐI

### KENNITÖLUR TIL GREININGAR Á ÁRSREIKNINGUM

<p>Veltufjármunir Skammtímaskuldir</p>	<p><b>Veltufjárhlutfall</b> Hlutfallið sýnir hæfi félags til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu tólf mánuði.</p>
<p>Veltufjármunir - Birgðir Skammtímaskuldir</p>	<p><b>Lausafjárhlutfall</b> Hlutfallið sýnir hæfi félags til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu tólf mánuði með kvikum veltufjármunum.</p>
<p>Eigið fé Heildarfjármagn</p>	<p><b>Eiginfjárhlutfall</b> Sýnir fjárhagslegan styrk félags, enda stundum nefnt tapspól, þ.e. til að mæta móttbyr án þess að skerða skuldbindingar sínar við aðra en hluthafa.</p>
<p>Hagnaður eftir skatta Meðalstaða eigin fjár</p>	<p><b>Arðsemi eigin fjár</b> Segir til um hvernig félagi tekst að ávaxta það fjármagn sem eigendur hafa bundið í því.</p>
<p>Handbært fé frá rekstri Meðaltal skammtímaskulda</p>	<p><b>Sjóðstreymi á móti skammtímaskuldum</b> Sýnir getuna til að greiða skammtímaskuldir með því handbæra fé sem reksturinn skapar.</p>



## VÍSITÖLUR\*

VÍSITÖLUR:	JANÚAR 2018	JANÚAR 2019	BREYTING
Byggingarvísitala	136,5	142,1	4,10%
Lánskjaravísitala	8.806	9.093	3,26%
Neysluvísitala til verðtryggingar	446	460,5	3,25%

\*Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands

## GENGI GJALDMÍÐLA

Viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands

MYNT	KAUP 31.12.18	SALA 31.12.18	MÍÐ 31.12.18	KAUP 29.12.17	SALA 29.12.17	MÍÐ 29.12.17	BREYTING M.V. SÖLUGENGI
USD	116,05	116,61	116,33	104,17	104,67	104,42	11,41%
GPB	147,97	148,69	148,33	140,64	141,32	140,98	5,22%
CAD	85,22	85,72	85,47	83,08	83,56	83,32	2,58%
DKK	17,79	17,894	17,842	16,747	16,845	16,796	6,23%
NOK	13,363	13,441	13,402	12,691	12,765	12,728	5,30%
SEK	12,982	13,058	13,02	12,675	12,749	12,712	2,42%
CHF	117,9	118,56	118,23	106,77	107,37	107,07	10,42%
JPY	1,0539	1,0601	1,057	0,9251	0,9305	0,9278	13,93%
SDR	161,34	162,3	161,82	148,23	149,11	148,67	8,85%
EUR	132,86	133,6	133,23	124,7	125,4	125,05	6,54%

## ► HELSTU NÝMÆLI

### *EINFÖLD SKRÁNING*

Erlendu atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, getur valið á milli almennrar skráningar eða einfaldrar skráningar vegna skila á virðisaukaskatti hér á landi. Að sama skapi er erlendum atvinnufyrirtækjum sem selja hingað til lands í áskrift blöð og tímarit á pappírformi og erlendum ferðaþjónustuaðilum sem selja virðisaukaskattsskylda þjónustu hingað til lands er heimilt að skrá sig með einfaldri skráningu ef salan á sér stað til annarra en atvinnufyrirtækja.

### *KRÓNUTÖLUGJÖLD*

Krónutölugjöld á eldsneyti, áfengi, tóbak o.fl. hækka almennt um 2,5% 1. janúar 2019. Hið sama gildir um útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Kolefnisgjald hækkar þó meira eða um 10% í samræmi við þá stefnu að hvetja til orkuskipta í samgöngum.

### *BARNABÆTUR*

Fjárhæðir barnabóta hækka um 5% milli árana 2018 og 2019 og tekjuskerðingarmörk um rúmlega 24% milli ára. Skerðingarhlutföll sem eru 4%, 6% eða 8% eftir fjölda barna verða óbreytt upp að 5,5

millj.kr. árstekjum hjá einstæðum foreldrum og 11 millj.kr. hjá hjónum/sambýlisfólki en við tekjur umfram þau mörk hækka skerðingarhlutföll um 1,5 prósentustig og verða 5,5%, 7,5% og 9,5%.

### *VAXTABÆTUR*

Fjárhæðir barnabóta hækka um 8,5% milli árana 2018 og 2019 og tekjuskerðingarmörk um 7,4% milli ára. Fjárhæðir og skerðingarmörk vaxtabóta haldast óbreytt milli ára.

### *TRYGGINGAGJALD*

Skatthlutfall almenns tryggingagjalds lækkar um 0,25 prósentustig í ársbyrjun 2019, úr 5,40% í 5,15%. Tryggingagjald í heild ásamt öðrum gjöldum sem reiknast á sama stofn í staðgreiðslu lækkar úr 6,85% í 6,60%.

### *VÖRUGJÖLD Á BIFREIÐAR*

Í ársbyrjun 2019 var skattastyrkur í formi afsláttar af vörugjöldum sem bílaleigur hafa notið við innflutning bifreiða afnuminn. Hámark afsláttarins var 250.000 kr. á hverja bifreið árið 2018 en frá og með 1. janúar 2019 munu bílaleigur greiða sama vörugjald og greitt er af fólksbifreiðum almennt.



Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík  
Sími: 595-2500  
Fax: 595-2501  
Veffang: [www.ey.is](http://www.ey.is)  
Netfang: [ey@ey.is](mailto:ey@ey.is)